

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jónönnu Sigurðardóttur um skuldir fyrirtækja og einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptast heildarskuldir við innlánsstofnanir eftir neðangreindum útlánaflokkum milli einstaklinga annars vegar og fyrirtækja hins vegar:*
 - a. *skuldabréfalán,*
 - b. *víxillán,*
 - c. *innleystar ábyrgðir,*
 - d. *yfirdráttur á ávísana- og hlaupareikningi,*
 - e. *afurðalán,*
 - f. *endurlánað erlent lánsfé?*
2. *Hvernig var yfirdráttur einstaklinga hjá innlánsstofnunum um síðustu áramót og aftur nú 1. desember í ár? Hvernig hefur meðaltal yfirdráttar breyst á þessu tímabili, hve háar voru yfirdráttarheimildir hjá einstaklingum 1. desember 2000 og hversu margir eru með slíka heimild?*

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Seðlabanka Íslands til að svara fyrirspurninni. Í meðfylgjandi töflu koma fram umbeðnar upplýsingar.

| Millj. kr. | Desember 1999 | | Desember 2000 | |
|-------------------------------|---------------|-----------|---------------|-----------|
| | Einstaklingar | Fyrirtæki | Einstaklingar | Fyrirtæki |
| Gengisbundin skuldabréf | 4.500 | 106.019 | 13.473 | 213.469 |
| Greiddar óinnleystar ábyrgðir | 347 | 366 | 58 | 519 |
| Hlaupareikningslán | 37.962 | 42.576 | 54.238 | 58.620 |
| Gengisbundin afurðalán | 10 | 7.716 | 0 | 7.914 |
| Önnur afurðalán | 0 | 1.671 | 0 | 1.836 |
| Almenn skuldabréf | 18.028 | 14.285 | 19.362 | 18.895 |
| Verðtryggð skuldabréf | 63.927 | 75.194 | 75.145 | 97.740 |
| Víxlar | 2.895 | 2.763 | 2.870 | 2.969 |
| | 127.669 | 250.590 | 165.147 | 401.962 |

Í lánaflokknum „einstaklingar“ geta auk heimila verið einstaklingar í atvinnurekstri.

Prentað upp.

Seðlabankinn hefur hvorki undir höndum upplýsingar um yfirdráttarheimildir einstaklinga hjá innlánsstofnunum né hve margir hafa slíka heimild. Af því leiðir að bankinn hefur ekki upplýsingar um meðaltalsyfirdrátt einstaklinga.